

Nefndasvið Alþingis
B.t. Velferðanefnd – Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/298
komudagur 20.11.2013

Reykjavík, 20. nóvember 2013

Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971 (færsla frídaga að helgum)

I. Almennt

Vísað er til erindis háttvirtar Velferðarnefndar Alþingis dagsett 6. nóvember 2013 þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda um ofangreint frumvarp þar sem lögð er til færsla frídaga að helgum.

Félag atvinnurekenda telur að umrætt frumvarp sé að hluta til ágætt en gerir hins vegar þann fyrirvara að í því felst aukinn kostnaður sem atvinnurekendur þyrftu að bera. Sá aukni kostnaður kæmi í raun einna verst niður á minni fyrirtækjum.

II. Ábendingar

Í lögum nr. 88/1971 er kveðið á um ákveðna frídaga. Greiðsla fyrir þá frídaga fer eftir gildandi ákvæðum kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins hverju sinni. Með frumvarpinu er það lagt til að færa til frídaga sem eru í miðri viku að helgum. Því ber í sjálfu sér að fagna og getur af slíku orðið mikið hagræði fyrir launafólk og aukin framleiðni fyrir atvinnurekendur, án þess að hægt sé að fullyrða um öll tilfelli þar um.

Hins vegar er í frumvarpinu lagt til að nýir frídagar komi til þegar hinir lögbundnu frídagar bera upp á helgi. Vert er að benda á að eðli málsins samkvæmt taka ákvæði kjarasamninga ekki á slíkum tilflutningi og ljóst að atvinnurekendum mun ekki bera nein skylda til að greiða laun fyrir þá frídaga sem þarna um ræðir á meðan slíkt ástand varir. Hið umrædda frumvarp myndi því fela í sér ákveðið tómarúm milli laga og kjarasamninga á almennum markaði sem verður að telja óheppilegt. Þá er ennfremur ljóst að atvinnurekendur eru ekki tilbúnir til að taka á sig þann kostnaðarauka og þjónustutap sem um ræðir, en skv umsögn Samtaka atvinnulífsins um málið er um að ræða aukningu um 1,5 frídaga.

III. Annað

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,



Almar Guðmundsson
Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda